

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| | | | |
|--|----------------------------------|---|--|
| Nafn og kt. rekstraraðila: Stofnfiskur Vogavík Kt. 620391-1079 | Dags. eftirlits: 28. 11. 2016 | Staðsetning stöðvar: Vogavík Vogum | Starfsleyfisflokkur: 4 |
| Tengiliður: Bára Gunnlaugsdóttir | Netfang: bara@stofnfiskur.is | Sími: 6936320 / 564 6300 | Gerð stöðvar: Landeldi |
| Gildistími starfsleyfis: 17.03.2022 | Kvittun afhend: Já | Viðstaddir eftirlit: Hreiðar Hreiðarsson | Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Klakfiska- og seiðastöð, eingöngu lax. Hrognahús er sér og fellur ekki undir þetta starfsleyfi. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | x | | | Fyrsta eftirlit UST/MAST Áætlað er að setja upp starfsmannagáma og fara í endurbætur á eldra húsi. Bygging varanlegs starfsmannahúss er áætluð á næstu árum en nánari tímasetning er ekki komin. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | x | | | Góðar skráningar eru í stöðinni og gott innra eftirlit. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | x | Ekki er krafa í starfsleyfi um að ársskýrsla sé send eftirlitsaðila en hún skal vera aðgengileg í eftirlitum. |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | Á ekki við |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til | x | | | Áhættumati og viðbragðsáætlun var skilað til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 2. des. sl. |

| | | | | |
|---|---|--|---|--|
| staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | | | |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | Á ekki við |
| Er trygging vegna bráðmengunar í gildi? | x | | | Afriti af tryggingaskýrteini vegna bráðmengunar hafs og stranda var skilað inn með tölvupósti þann 2. des. sl. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | x | | | Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar var afhend í eftirlitinu. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|--|-------------|-------------------|------------|--|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | x | | | Umhverfismarkmið og umhverfisstefna eru í gæðahandbók. Eru með GlobalGAP vottun og gott innra eftirlit. ISO 9001 vottun er einnig til staðar. |
| Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki? | x | | | Eru með fódurkerfi frá Vaka og Farm Control skráningakerfi. |
| Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar? | x | | | Árlegar mælingar á frárennsli, selta hiti og pH mælt reglulega. Síðustu mælingar voru gerðar í febrúar sl. |
| Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? | x | | | Frárennsli liggur frá þremur stöðvarhúsum í safntank og þaðan í um 50m langri lögn út í sjó. Engin hreinsun er á frárennslinu. Hluti frárennslisins fer í settjörn (sem áður |

| | | | | |
|---|---|--|---|---|
| Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli? | | | | var tjörn fyrir hafbeit) og þaðan út í sjó. Bent er á að fylgjast þarf með uppsöfnun í tjörninni. Frárennsli frá neðsta húsinu er í sér lögn út í sjó. Enga uppsöfnun var að sjá við útrásina og sjógangur nær alveg upp að útrásinni á flóði. Töluvert var af fugli á svæðinu. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka. | x | | | Sjá fyrri lið |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Frárennsli í fjöru og sjávarbrim allt að útrásaropi á flóði. |
| Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | x | Á ekki við |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | x | | | Reglulegt |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | x | Á ekki við |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | x | Á ekki við |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | x | Á ekki við |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | Allur dauðfiskur fer til IFEX í Þorlákshöfn. Annað sorp fer í almennan úrgang, engin flokkun nema á spilliefnum. Sorp er sótt af sveitarfélaginu og fer til brennslu í Kólku. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Regluleg vöktun, bæði sýnatökur og skoðun á viðtaka. |

| | | | | |
|--|---|--|---|---|
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar. | | | x | Á ekki við |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | Á ekki við |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar? | x | | | Næstu mælingar eru áætlaðar á fyrstu vikum næsta árs. Sýnatökum er sinnt af vísindateymi Stofnfisks. Sýni sér um mælingar á sýnum. |

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila.

| | |
|---------------------|--|
| Samantekt: | Stöðin var snyrtileg að sjá og allar skráningar, utanumhald og viðhald búnaðar í lagi. Gengið var um svæðið, frárennsli og fjara skoðuð sem og nánasta umhverfi. Stöðin er afgirt og hlið læst. Unnið er að viðbragðsáætlun skv. áhættumati. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið sl. ár. |
| Frávik | Engin frávik komu fram við eftirlitið. |
| Athugasemdir | Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu. |
| Annað | |

Undirskrift eftirlitsmanns:

G. Stella Arnadóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur, ehf, Vogavík Vogavík



| | | | |
|----------------------------|---------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 28.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Stofnfiskur, ehf, Vogavík | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Vogavík | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 620391-1079 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hreiðar Hreiðarsson | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Bára Gunnlaugsdóttir | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Stöðin var snyrtileg að sjá og allar skráningar, utanumhald og viðhald búnaðar í lagi.

Gengið var um svæðið, frárennsli og fjara skoðuð sem og nánasta umhverfi. Stöðin er afgirt og hlið læst.

Áhættumat og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og afrit tryggingaskýrteinis v. bráðamengunar haf- og stranda hefur verið afhent eftirlitsaðila.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila og engin mengunaróhöpp hafa orðið sl. ár.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun og skila skýrslu með niðurstöðum vöktunar árlega.

Skv. starfsskilyrðum fyrir fiskeldi á landi skal rekstraraðili starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað, atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.12.2016


Guðbjörg Stella Árnadóttir